

GJALDSKRÁ

um sorphreinsun í Skaftárhreppi 2011.

1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps leggur á árlegt sorphreinsunargjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjald) í Skaftárhreppi og er það innheimt með fasteignagjöldum, samkvæmt samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 342/2004.

2. gr.

Til íbúða teljast heimili í dreifbýli og íbúðir á Kirkjubæjarklaustri.
Til lögbyla teljast búhlutar jarða í ábúð þar sem stundaður er hefðbundinn landbúnaður í atvinnuskyni.

Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, þ.m.t. ferðaþjónustuaðilar.

Frístundahús eru sumarbústaðir og fasteignir aðrar sem notaðar eru í sambærilegum tilgangi.

3. gr.

Árlegt sorphreinsunargjald er sem hér segir:

a. Íbúðir kr. 16.245

b. Lögbyli.

Sorphreinsunargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

	<i>Eyðing kr.</i>	<i>Hirðing kr.</i>	<i>Alls kr.</i>
Flokkur b1	6.963	6.963	13.926
Flokkur b2	13.921	13.921	27.842

c. Fyrirtæki.

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

	kr.
Flokkur c1	18.682
Flokkur c2	55.826
Flokkur c3	111.653
Flokkur c4	223.305

d. Frístundahús, sorpeyðingargjald 6.396

Sveitarstjórn skipar lögbylum og fyrirtækjum í flokka samkvæmt stafliðum b og c. Við flokkun er miðað við umfang starfsemi og áætlað magn úrgangs. Sorphirða fer ekki fram á vegum sveitarfélagsins hjá fyrirtækjum og við frístundahús.

4. gr.

Auk árlegs sorphreinsunargjalds leggur sveitarstjórn á sorpeyðingargjald vegna leyfisskyldra framkvæmda í Skaftárhreppi. Gjaldið er lagt á hverja framkvæmd skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

a. Nýbyggingar	38,42 kr./m ³
b. Viðhald og endurbætur:	
Flokkur b1	7.814 kr.
Flokkur b2	23.443 kr.
Flokkur b3	78.129 kr.
c. Rif á mannvirkjum	38,42 kr./m ³

Áður en leyfi er veitt skv. stafliðum a. og c. skal áætla magn úrgangs sem til fellur og sorpeyðingargjald skal greitt skv. þeirri áætlun. Sveitarstjórn skipar framkvæmdum í flokka skv. b. Við flokkun er miðað við umfang framkvæmdar og áætlað magn úrgangs.

5. gr.

Eigendur lögbýla og fyrirtækja og framkvæmdaraðilar geta farið fram á endurskoðun á ákvörðun um flokkun samkvæmt b- og c-lið 3. gr. og b-lið 4. gr. og skal beiðni þar um vera skrifleg. Sveitarstjórn er heimilt að endurákvarða flokkun ef ástæða þykir til.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps, samkvæmt 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Hún staðfestist hér með, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands, samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Eldri gjaldskrá nr. 64/2006 fellur úr gildi á sama tíma.

Kirkjubæjarklaustri, 1. febrúar 2011.

Eygló Kristjánsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 13. apríl 2011